

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júlí 2012 í máli nr. S-128/2012:

Ákærvaldið

(Birgir Jónasson saksóknarfulltrúi)

gegn

A

(Brynjar Níelsson hrl.)

Mál þetta var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, dags. 17. febrúar 2012, á hendur A.

Ákærða er talin hafa gerst sek um

... fjárdrátt, með því að hafa í starfi sínu við einkabankaþjónustu á eignastýringarsviði Kaupþings banka hf., að Borgartúni 19 í Reykjavík, á tímabilinu 30. apríl 2004 til 24. janúar 2008, í eftirtalin 18 skipti dregið sér samtals 50.403.890 krónur, sem voru hluti söluandvirðis óskráðra verðbréfa, það er skuldabréfa og víxla, sem ákærða aðstoðaði seljendur við að gefa út, með því að millifæra söluandvirði verðbréfanna af bankareikningum kaupenda bréfanna inn á eigin bankareikning, nr. 0513-26-408410, og slá þannig eign sinni á það, í stað þess að ráðstafa því í þágu seljenda, svo sem nánar greinir:

1. Föstudaginn 30. apríl 2004, 3.965.492 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457162, í eigu Ástþórs Yngva Einarssonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53085/5244, að nafnverði 4.100.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 29. apríl sama ár.

2. Miðvikudaginn 2. júní 2004, 3.898.869 krónur, af reikningi nr. 0329-26-469975, í eigu Sturlu Péturssonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53086/52679, að nafnverði 4.325.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. júní sama ár.

3. Miðvikudaginn 2. júní 2004, 1.098.201 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457557, í eigu Þórðar Harðarsonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53087/52680, að nafnverði 1.100.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda

1. júní sama ár.

4. Mánudaginn 8. nóvember 2004, 975.505 krónur, af reikningi nr. 0329-26-467541, í eigu Stefaníu Borgar ... vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 52796, að nafnverði 1.000.000 krónur; þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 5. nóvember sama ár.

5. Mánudaginn 29. nóvember 2004, 3.973.095 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457557, í eigu Þórðar Harðarsonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53093/52805, að nafnverði 4.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 26. nóvember sama ár.

6. Mánudaginn 4. apríl 2005, 4.704.060 krónur, af reikningi nr. 0329-26-456998, í eigu Úlfs Sigurmundssonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53094/52912, að nafnverði 4.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. apríl sama ár.

7. Föstudaginn 3. júní 2005, 5.306.744 krónur, af reikningi nr. 0329-26-460750, í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur ... vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53107/52953, að nafnverði 5.000.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 2. júní sama ár.

8. Miðvikudaginn 31. ágúst 2005, 2.197.738 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457162, í eigu Ástþórs Yngva Einarssonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53117/52984, að nafnverði 2.000.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 30. ágúst sama ár.

9. Föstudaginn 27. janúar 2006, 2.937.015 krónur, af reikningi nr. 0329-26-460490, í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur ... vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53033, að nafnverði 3.135.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 26. janúar sama ár.

10. Miðvikudaginn 17. maí 2006, 4.860.035 krónur, af reikningi nr. 0329-26-460490, í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur ... vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53134, að nafnverði 5.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 16. maí sama ár.

11. Þriðjudaginn 29. ágúst 2006, 2.323.022 krónur, af reikningi nr. 0329-26-446704, í eigu Gardars Briem ... vegna kaupa hans á víxli nr. 995640, að nafnverði 2.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 28. ágúst sama ár.

12. Fimmtudaginn 2. nóvember 2006, 2.333.536 krónur, af reikningi nr. 0329-26-456998, í eigu Úlfs Sigurmundssonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995658, að nafnverði 2.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. nóvember sama ár.

13. Miðvikudaginn 7. mars 2007, 2.835.747 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457053, í eigu Jóns Gunnars Hannessonar ... vegna kaupa hans á víxli nr. 995776, að nafnverði 3.000.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf.... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 6. mars sama ár.

14. Þriðjudaginn 12. júní 2007, 1.393.694 krónur, af reikningi nr. 0329-26-446704, í eigu Garðars Briem ... vegna kaupa hans á víxli nr. 995792, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 11. júní sama ár.

15. Þriðjudaginn 31. júlí 2007, 1.384.190 krónur, af reikningi nr. 0329-26-456998, í eigu Úlfs Sigurmundssonar ... vegna kaupa hans á víxli nr. 995800, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 30. júlí sama ár.

16. Fimmtudaginn 23. ágúst 2007, 1.381.012 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457557, í eigu Þórðar Harðarsonar ... vegna kaupa hans á víxli nr. 995804, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 22. ágúst sama ár.

17. Miðvikudaginn 24. október 2007, 2.918.110 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457053, í eigu Jóns Gunnars Hannessonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995821, að nafnverði 3.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 23. október sama ár.

18. Fimmtudaginn 24. janúar 2008, 1.917.825 krónur, af reikningi nr. 0329-26-457053, í eigu Jóns Gunnars Hannessonar ... vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995844, að nafnverði 2.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf. ... en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 23. janúar sama ár.

Telst háttsemin varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakar kostnaðar.

Ákærða krefst sýknu og verjandi hennar krefst málsvarnarlauna er greidd verði úr rikissjóði.

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 28. júní sl.

Rannsókn máls þessa hófst í kjölfar kæru skilanevndar Kaupþings banka hf., sem barst lögreglu 28. júní 2009. Í inngangi bréfsins er grunur skilanevndarinnar skýrður: „... starfaði á eignastýringarsviði bankans við svokallaða einkabanka þjónustu, en veigamikill þáttur þjónustunnar felst í því að fjárfesta fyrir hönd viðskiptavina á grundvelli sérstaks þjónustusamnings. Í starfi sínu hafði [ákærða] þannig milligöngu um kaup og sölu verðbréfa. Eftir rannsókn innri endurskoðunar Kaupþings banka hf. virðist sem [ákærða] hafi, í skjóli aðstöðu sinnar í bankanum, dregið sér fé með því að millifæra af vörslureikningum viðskiptamanna bankans yfir á eigin reikning. Eiga umræddar millifærslur rætur að rekja til þjónustu vegna viðskipta með óskráð skuldabréf og víxla.“

Í bréfinu er nánar rakið að ákærða hafi selt viðskiptavinum bankans skuldabréf útgefin af og víxla samþykkt m.a. af Hraunbæ 107 ehf. og Y1-húsum ehf. Síðan hafi hún millifært greiðslur kaupendanna inn á sinn eigin reikning í öðrum banka, í stað þess að greiða útgefendum bréfanna andvirði þeirra. Í bréfinu eru rakin alls 22 tilvik. Raunar kom fram við meðferð málsins að umræddur reikningur var í Íslandsbanka og á nafni eiginmanns ákærðu og hennar sjálfrar. Kom nafn manns hennar þannig fram á kvittunum þegar millifært hafði verið.

Y1-hús er verktakafyrirtæki sem þeir Ágúst Bjarnason og Sigurður Þ. Sigurðsson reka. Mál þetta er sprottið af framkvæmdum er félag þetta stóð fyrir í Hraunbæ í Reykjavík. Síðar stofnuðu þeir Ágúst og Sigurður einkahlutafélagið Hraunbæ 107. Keypti það hluta af húseigninni og leigir út íbúðir.

Fyrir dómi sagði ákærða að lýsing ákæru væri rétt að öðru leyti en því, að hún hafi ekki verið að draga sér þetta fé, hún hafi tekið þetta til greiðslu á skuldum þessara félaga við sig.

Hún kvaðst fyrst hafa greitt víxil fyrir þessa aðila í ágúst 1998, sem þeir hafi ekki átt fyrir og hún ekki fundið neinn til að kaupa nýjan víxil til að greiða þann fyrri. Þetta hefðu verið 10.000.000 króna. Síðar hafi hún greitt fyrir þá annan víxil. Hún hafi ekki sagt þeim frá því strax að hún hefði lánað þeim, heldur látið eins og kröfuhafarnir hefðu samþykkt að framlengja víxillánin. Hafi alltaf verið gefnir út nýjir víxlar. Hún kvaðst hafa reiknað sér 20% vexti fyrst, það hafi verið venjulegir vextir á þessum markaði á þessum tíma.

Seinna lánið kvaðst ákærða sennilega hafa veitt þeim í nóvember 2000. Hún hafi þá átt 15 milljónir og lánað Y1-húsum. Hún kvaðst ekki muna nákvæmlega aðdragandann, kannski hafi hún verið að borga víxla fyrir þá. Víxlarnir hafi svo verið framlengdir, greitt hafi verið inná, en nýr settur upp í afganginn.

Þessi frásögn ákærðu af byrjun þess að hún fór að blanda sínum eigin fjármálum saman við fjármál þessara viðskiptavina er nákvæmari í skýrslu hennar hjá lögreglu 30. ágúst 2011, en efnislega á sama veg.

Ákærða sagði að þeir Sigurður og Ágúst hefðu alltaf skrifað upp á fram lengingar fyrir sig. Hún kvaðst ekki hafa viljað segja þeim frá því fyrst að hún hefði lánað þeim sjálf, en seinna hefði hún gert það.

Ákærða sagði að Ágúst og Sigurður hefðu fyrst komið til hennar þegar hún starfaði hjá Fjárvangi, en þá hafi þeir verið að byggja hús í Hafnarfirði. Hún hafi þá fundið aðila sem vildi kaupa af þeim víxil. Seinna hafi þeir staðið fyrir stórum framkvæmdum í Hraunbæ og fengið fyrirgreiðslu í gegnum sig. Víxlar sem þeir höfðu gefið út og samþykkt hefðu oft verið framlengdir.

Ákærða tók svo til orða að hún hefði átt féð sem hún lánaði þeim uppi í skáp, hún hefði ekki geymt það í banka. Hún hefði fengið þessa peninga þegar hún seldi fyrirtæki nokkrum árum áður. Hún sagði að þeir Sigurður og Ágúst hefðu orðið mjög nátengdir sér, hún hefði hugsað um þá eins og syni sína. Það hafi oft þurft að bjarga þeim úr vandræðum sem þeir hefðu ratað í.

Ákærða kvaðst hafa safnað öllum gögnum um þessi viðskipti í möppu, sem hefði glatast þegar hún tók dótið sitt er hún hætti hjá Arion banka.

Meðal gagna málsins er ljósrit af víxli sem ákærða kvaðst hafa fundið heima hjá sér. Hann er gefinn út 20. febrúar 2001 af Ágústi Bjarnasyni, samþykktur af Y1-húsum til greiðslu 20. maí. Hann er að fjárhæð 15.600.000 krónur. Einungis framhlið víxilsins kemur fram á þessu ljósriti, en verjandi ákærðu sýndi frumrit hans í dóminum, en hann er framseldur eyðuframsali af útgefanda og ábektur af Sigurði Þ. Sigurðssyni. Á svuntu er skráð að víxill þessi sé framlenging á víxli að fjárhæð 14.743.535 krónur, dags. 20. nóvember 2000. Í reitinn Skilmálar á svuntunni er skrifað Karl.

Ákærða neitaði því aðspurð að hún hefði lagt inn á reikninginn í Íslandsbanka til að leyna því að hún ætti þarna í hlut.

Þá kom fram í skýrslu ákærðu að hún hefði ábyrgst munnlega bæði við BM Vallá og Húsasmiðjuna að hún sæi til þess að þeir fengju greitt, þegar lán fengist hjá Íbúðalánasjóði.

Ágúst Bjarnason gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann lýsti rekstri félaganna Y1-hús og Hraunbær 107 stuttlega. Hann sagði að ákærða hefði séð um að fjármagna framkvæmdir fyrir þá, hún hafi nánast verið eins og fjármálastjóri hjá þeim. Hann kvaðst litla yfirsýn hafa haft yfir stöðuna og hann hefði ekki vitað hverjir hefðu keypt víxlana og skuldabréfin sem þeir gáfu út. Hann kvaðst ekki hafa vitað að ákærða hefði keypt eitthvað sjálf eða borgað eitthvað fyrir þá úr eigin vasa. Hann sagði að þeir hefðu oftast en einu sinni beðið um uppgjör, en ekki fengið. Hann kvaðst vita núna að ákærða hefði lánað þeim.

Ágúst kvaðst ekki vita til þess að félögin hefðu ofgreitt eitthvað.

Einhvern tímann hefði ákærða kallað þá heim til sín og beðið þá að breyta dagsetningu á víxli. Hún hefði sagt að annars myndi hún lenda í fangelsi. Ágúst kvaðst hafa haldið að þeir hefðu verið búnir að borga þennan víxil. Staðfesti hann að um hefði verið að ræða áðurnefndan víxil að fjárhæð 15.600.000 krónur.

Sigurður Þ. Sigurðsson gaf einnig skýrslu. Hann bar á sama veg að þeir hefðu leitað til ákærðu til að útvega framkvæmdafé. Hann kvaðst ekki kannast við að ákærða hefði lánað þeim sjálf, en hann vissi heldur ekki hverjir hefðu keypt víxlana og skuldabréfin sem þeir gáfu út. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því heldur að það vantaði fé inn í fyrirtækið.

Sigurður sagði að sennilega á árinu 2009 hefði ákærða beðið þá að framlengja víxil. Vísaði hann hér til margnefnds víxils að fjárhæð 15.600.000 krónur.

Þessi frásögn þeirra Ágústs og Sigurðar var borin undir ákærðu og kvaðst hún aldrei hafa beðið þá að breyta dagsetningu á víxli, annars mundi hún ekki eftir þessu atviki.

Ágúst vísaði í framburði sínum til skýrslu sem Eiríkur S. Svavarsson hrl. hefði skrifað fyrir þá. Tilefnið hefði verið innheimtubréf sem þeim hefði borist frá lögmannsstofu nokkurri fyrir hönd Arion verðbréfavörslu. Innheimtubréf þetta liggur ekki frammi í málinu. Meginatriði í löngu svarbréfi lögmannsins er það að allar kröfurnar séu að fullu greiddar. Fyrir dómi sagði Eiríkur að hann hefði farið í gegnum bókhald bæði Y1-húsa og Hraunbæjar 107 áður en hann skrifaði bréfið. Hann sagði að bankinn hefði ekki hreyft við innheimtu þessara krafna eftir þetta.

Ólafur Kjartan Halldórsson rekur bókhaldsstofu og hefur annast bókhald Y1-húsa og Hraunbæjar 107 frá því á árinu 2006. Hann sagði að hann hefði leitað í eldri bókhaldsgögnum og hvorki fundið áður nefndan víxil að fjárhæð 15.600.000 krónur, né víxil að fjárhæð 10.000.000 króna. Þeir hefðu annars fundið óslitna röð fylgiskjala fyrir umrædd ár. Þá hefðu þessar fjárhæðir ekki verið lagðar inn á bankareikning Y1-húsa. Aðspurður kvað Ólafur ekki neitt hafa komið fram sem benti til að félögin hefðu ofgreitt.

Þrír starfsmenn Arion banka, Kaupþings og tengdra fyrirtækja gáfu skýrslur við aðalmeðferð málsins. Ekki er ástæða til að rekja þessar skýrslur nákvæmlega. Fram kom hjá Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda, að starfsmenn ættu ekki að blanda sínum eigin fjármálum saman við fjármál viðskiptavina bankans. Hún sagði að einhverju sinni hefði verið gerð athugasemd um vinnulag ákærðu, en ákveðið hefði verið að bregðast ekki við þar sem hún aflaði bankanum mikilla tekna. Þá kom fram hjá Írisi Baldursdóttur, sem starfaði í bakvinnslu hjá Kaupþingi, að eiginmaður ákærðu hefði verið skráður viðtakandi á greiðslum, en bankareikningurinn hefði verið á hans nafni.

Niðurstaða

Í máli þessu er ákært fyrir fjárdrátt, brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga. Ekki þarf því að skoða sérstaklega hvort ákærða hafi í starfi sínu brotið gegn starfsreglum sem vinnuveitandi hennar hefur sett henni. Það getur hins vegar haft áhrif við mat á sönnunargögnum og sök að ákærða fullyrðir að hún hafi blandað saman fjármunum sínum og viðskiptavina bankans, með því að kaupa fyrir eigin reikning verðbréf sem þessir viðskiptavinir gáfu út.

Ákærða jatar að í ákæru sé rétt lýst 18 tilvikum þar sem söluandvirði verðbréfa sem Y1-húsum og Hraunbær 107 höfðu gefið út var lagt inn á bankareikning hennar í Íslandsbanka. Þá jatar hún að þetta fé hafi þannig runnið til hennar.

Ákærða kveðst hafa keypt víxla og skuldabréf sem umrædd einkahlutafélög höfðu gefið út. Hún annaðist sölu þessara og fleiri bréfa og kveðst hafa byrjað á árinu 1998 að kaupa víxil af Y1-húsum, en andvirði hans hafi farið til greiðslu eldri víxils. Eigandi hans hefði ekki viljað framlengja. Hún hefði í því tilviki sagt þeim Ágústi og Sigurði að kröfuhafinn hefði samþykkt að framlengja víxilinn. Ákærða kveðst síðar hafa lánað þeim með sama hætti um 15.000.000 króna. Gögn um þessi viðskipti eru fátækleg, en rannsókn lögreglu hefur heldur ekki beinst sérstaklega að þessum atriðum. Þó hefur ákærða í höndum víxil sem svarar til síðastgreinds víxils. Er honum lýst hér að framan. Handhöfn ákærðu á þessum víxli er í sjálfu sér ekki bein sönnun þess að hún hafi átt hann sjálf, en öll verðbréf sem félögin gáfu út fóru um hendur ákærðu.

Þá styður það ekki fullyrðingar ákærðu að hún hefur ekki gert grein fyrir þessari verðbréfaeign sinni á skattframtölum. Þá er ekki augljóst hvaðan hún fékk fé til að lána með þessum hætti, en það hefur heldur ekki verið rannsakað sérstaklega.

Mál þetta var kært til lögreglu á árinu 2009. Var það skilanevnd Kaupþings banka sem kærði. Að því er séð verður hafði skilanevndin ekki annað fyrir sér en þá staðreynd að greiðslur fyrir sölu verðbréfa höfðu runnið beint inn á reikning ákærðu. Skömmu áður en ákæra í málinu var gefin út lýsti slitastjórn bankans því yfir að skaðabótakrafa yrði ekki höfð uppi.

Eins og málið er lagt upp af hálfu ákæruvalds er byggt á því að ákærða hafi dregið sér rúmlega 50 milljónir króna frá fyrirtækjunum Y1-húsum og Hraunbær 107. Rannsókn lögreglu hefur að því virðist ekki beinst sérstaklega að fjárhagsstöðu eða bókhaldi þessara félaga. Þannig verður ekki séð að reynt hafi verið að afla gagna um útgáfu félaganna á víxlum og skuldabréfum á tímabilinu sem fjárdrátturinn á að hafa staðið. Vissulega kom fram frá vitni sem færir bókhald félaganna að ekki sjáist í bankayfirlitum að með umræddum lánveitingum hafi verið lagt inn á reikning félaganna. Það getur hins vegar átt sér þá einföldu skýringu að lánið hafi verið veitt með því að greiða víxil fyrir Y1-húsum ehf., eins og ákærða heldur fram. Þá er ekki upplýst hvort unnt hefði verið að upplýsa málið frekar með nákvæmari rannsókn á bókhaldi félaganna.

Bæði Ágúst Bjarnason og Sigurður Þ. Sigurðsson segjast vita núna að ákærða hafi lánað félögum þeirra. Hvenær þeir fengu vitneskju um þetta eða á hverju hún byggist er ekki ljóst. Hins vegar kemur fram hjá þeim báðum að þeir viti ekki til þess að eitthvað hafi verið ofgreitt. Þá virðist sem þeir hafi ekki gert neinar athugasemdir við bankann á þeim tíma sem fjárdrátturinn á að hafa staðið yfir.

Í málflutningi benti ákæruvaldið á að félögin hefðu verið krafin um mjög háar fjárhæðir með innheimtubréfi. Þetta bréf liggur ekki frammi og vitni bar að þeirri kröfu hefði ekki verið hreyft frekar, en nú eru liðin meira en þrjú ár frá því að innheimtubréfið var sent. Þetta bréf hefur því ekki neitt sönnunargildi hér.

Þá taldi ákærvaldið að það leysti ákærðu ekki undan sök þótt hún hefði átt fjárkröfu á hendur félögunum. Á þetta er ekki unnt að fallast. Augljóst er að ákærðu hafði verið falið að annast sölu skuldaskjala og greiðslu. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að hún hafi farið út fyrir heimildir sínar í þessu efni. Virðist blasa við að bréf, ýmist skuldabréf eða víxlar, hafi verið gefin út til að greiða aðrar kröfur.

Þegar öll framangreind atriði eru virt þá er augljóst að ákærða hefur látið leggja fé inn á reikning sinn, sem fékkst fyrir sölu verðbréfa er margnefnd félög gáfu út. Hún hefur staðfastlega haldið því fram að þarna hafi hún verið að fá endurgreitt lán, sem hún hafi veitt með því að kaupa af þeim verðbréf. Þetta styðst að nokkru við vitnisburð þeirra Ágústs og Sigurðar. Þá hefur ekki farið fram nein rannsókn á því hvort fé vantar inn í sjóði félaganna. Bókhald þeirra virðist ekki hafa verið rannsakað nema að hluta til. Sönnunarbyrði hvílir að meginstefnu til á ákærvaldinu og þar sem rannsókn málsins er ekki tæmandi, er ekki unnt að leggja eitthvað upp úr því að ákærða kveðst hafa glatað gögnum. Að öllu samanlögðu er ekki fram komin sönnun þess að ákærða hafi gerst sek um fjárdrátt. Verður hún því sýknuð af kröfum ákærvalds.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns eru ákveðin með virðisaukaskatti 995.000 krónur. Er þá tekið tillit til vinnu hans á meðan málið var undir rannsókn hjá lögreglu.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Ákærða A er sýknuð af kröfum ákærvalds.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 995.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.